

Desember 2014

Komið sæl

Nú er desember að banka á dyr og erum við farin að undirbúa jólin í Krílakoti og Kátakoti. Börnin eru að byrja að útbúa gjöf handa foreldrum sínum, pakka inn og gera kort. Einnig hefur verið undirbúningur fyrir jólaföndrið og jólasöngfundinn sem er nú í komandi viku. Við ákváðum að hafa smá breytingu í átt til hollustu þegar þið heimsækið okkur heim og bjóða uppá ávexti og súkkulaði í stað þess að bjóða smákökur. Jólaföndrið verður þriðjudaginn 2. desember hjá Skakkalandi og fimmtudaginn 4. desember hjá Hólakoti frá 9-10:30. Á föstudeginum 5. desember er foreldrum barna á Skýjaborg boðið á jólasöngfund í sal klukkan 09:00, það er nýjung en ástæðan er að börnin eru mjög ung og vantar enn færni til að klippa, líma og föndra. Skógarferð verður hjá Kátakotsbörnum föstudaginn 5. desember og leggja þau af stuð klukkan 09:00 í Bögg og fá þar heitt kakó og smákökur.

Jólaballið er á vegum foreldrafélagsins og verður haldið þann 11. desember í Bergi kl: 17:00. Vonandi komast sem flestir, jólasveinar kíkja í heimsókn og aldrei að vita nema þeir eigi eitthvað í pokahorninu. Börn frá Kátakoti munu fara með jólasveinavísur áður en ballið hefst.

Annars ætlum við að njóta þess að vera til og skapa rólega jólastemningu á aðventunni föndra, lesa jólasögur og syngja jólasöngva. Við ætlum að hafa jólamatinn þann 12. desember og er þá einnig rauður dagur og gaman ef sem flestir koma í einhverju rauðu eða jafnvel með jólahúfur.

5. bekkur er vinabekkurinn okkar og ætla nemendur að heimsækja leikskólana þann 17. desember, leika við börnin og eiga góða stund í leikskólunum.

Kátakot: María deildarstjóri á Sólkoti er farin í veikindaleyfi og fer svo í fæðingarorlof í kjölfarið. Erla kemur úr fæðingarorlofi í byrjun janúar

Krílakot: Lilja Rós í Krílakoti er að koma úr leyfi nú í desember.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



Matseðill í desember

Við hagræðum aðeins matseðlinum í desember.

11. des verður soðinn fiskur

12. des verður hangikjöt

18. des verður nætursaltaður fiskur

23. desember verður plokkfiskur

Bestu kveðjur

Halldóra og Margrét Lára



Grænfáninn

Við fengum taupoka aftur frá foreldrafélaginu og nú fá öll börn taupoka um leið og skólagangan hefst og sér starfsfólk um að mála nöfnin á pokana.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Briet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra og
Rakel Erla)
Sunna (Úlfur og Álfgrímur)

Myriam (Lea)

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Sáttnálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

"Kennarastóll er fyrir kennara"

Við viljum hvetja foreldra til að aðstoða okkur í að hjálpa börnunum að muna að rúllustólarnir eru fyrir kennara.

Verðum við vitni að því að börnin séu að leika sér á rúllustólunum notum við sömu orðræðu þ.e. segjum "kennarastóll er fyrir kennara" í stað þess að segja "hættu að leika þér á rúllustólunum".

Sýnum jákvæðni og stöndum saman.



M
Ó
Ð
U
R
M
Á
L
I
Ð
E
R
M
Á
L
I
Ð

Jólasveinar einn og átta.....

Eitthvað er á huldu hvað jólasveinarnir eru margir, allt frá níu og upp í þrettán. Við ætlum að ganga út frá að þeir séu þrettán og koma þeir af okkar bestu vitund í þessari röð ef þeir ruglast ekki í rýminu blessaðir sveinarnir.

Fyrsti jólasveinninn kemur aðfaranótt 12. desember

- 12. des. Stekkjastaur
- 13. des. Giljagaur
- 14. des. Stúfur
- 15. des. Þvörusleikir
- 16. des. Pottaskefill
- 17. des. Askasleikir
- 18. des. Hurðaskellir
- 19. des. Skyrgámur
- 20. des. Þjúgnakrækir
- 21. des. Gluggagægir
- 22. des. Gáttapefur.
- 23. des. Ketkrókur.
- 24. des. Kertasníkir.

Rauður dagur 12. desember

Má koma með jólahúfur



Viðmiðunarregla sveitarfélagsins er að börn yngri en 11 ára eiga ekki að sækja börn í leikskólann og biðjum við ykkur að virða hana.

Umboðsmaður barna leggur til að sveitarfélög hafi ákveðnar reglur varðandi aldur barna sem mega sækja börn í leikskólann. Umboðsmaður barna segir að ekki sé rétt að leggja almennt þá ábyrgð á börn yngri en 12 ára að tryggja öryggi og velferð yngri barna á leið til og frá leikskóla en taka skuli tillit til aðstæðna á hverjum stað.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Peyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Vistunartími

Við viljum biðja foreldra að virða umsaminn vistunartíma.

Kærar þakkir

Heilsustefnan—Heilsuleikskóla

Samkvæmt skoðunarkönnun er mikill áhugi hjá bæði foreldrum og kennurum að ganga í samtök Heilsuleikskóla. Við munum því sækja um aðild nú á árinu og hefja vinnu við að undirbúa heilsubók barnanna á nýju ári. Stefnan er að vera búin að ná öllum markmiðum Heilsuleikskóla áramótin 2016-2017.

Heimasíða Krílakots og Kátakots

Heimasíðan okkar hefur tekið breytingum. Endilega verið dugleg að kíkja á síðuna og kynna ykkur nýtt efni sem þar er komið inn.

Mengun og öryggi

Við viljum biðja foreldra að skilja bíla sína ekki í gangi fyrir utan leikskólana.

Einnig óskum við eftir að bílum sé ekki lagt bein fyrir framan nýja skiltið í Kátakoti. Skiltið var sett upp til að halda svæði bílalaus til að auðvelda aðkomu þegar komið er gangandi til og frá leikskólahliðinu. Við hvetjum foreldra til að leggja bílum handan götunnar til að létta á bílastæðinu ef mögulegt er.

Ástæða fyrir því að skiltið er komið upp er að litlu mátti muna að barn lenti undir bíl við Kátakot nú á dögnum.

Verum varkár og munum endurskinsmerki.

Föt Föt Föt

Munið að merkja föt og skó barna ykkar vel. Við minnum á að í Krílakoti og Kátakoti eru 100 börn og erfitt fyrir starfsfólk að þekkja í sundur ómerkt föt. Það eru jú líkur á að þau tapist ef þau eru ómerkt. Gerum okkur lífið auðveldara og merkjum eigur

